



Kópavogsbær

Leikskólinn Efstihjalli



LEIKSKÓLINN EFSTIHJALLI

Fjölmennning - Barnasáttmáli - Sköpun

Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2024-2025

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026

Efnisyfirlit

1. Formáli	4
2. Inngangur	5
3. Leiðarljós leikskólans	6
4. Mat á skólastarfi	7
Innra mat leikskólans.....	7
Innra mat 2023 - 2024	8
Ytra mat	9
Umbótaáætlun.....	10
5. Áherslur í starfi leikskólans	11
Aldur barna á deildum	11
Samstarf milli deilda	12
Málörvun	13
Áhersla á leik.....	14
Áherslur Efstahjalla.....	15
6. Foreldrasamstarf.....	16
Foreldraráð	16
Foreldrafélag.....	16
7. Starfsmannamál	17
8. Símenntunaráætlun	18
Skipulagsdagar	18
9. Aðrar upplýsingar.....	19
Fjöldi barna	19
Húsnæði og lóð.....	19
Öryggismál	20

10.	Fylgigögn.....	21
	Fylgiskjal 1 -Umbótaáætlun	22
	Fylgiskjal 2–Símenntunaráætlun	25
	Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal	27
	Fylgiskjal 4 – Umsögn foreldraráðs.....	28

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Skólaárið 2023 – 2024 tóku við þrír nýir stjórnendur: leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri. Þá voru kynntar áherslubreytingar þar sem lögð yrði áhersla á fjölmenningu í leikskólastarfi og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Á fyrsta starfsdegi skólaársins valdi starfsfólk þriðja áhersluatriði leikskólans. Fyrir valinu varð sköpun í allri sinni mynd.

Þá voru sett saman teymi utan um áhersluatriði í starfi skólans. Þannig eru starfandi málörvunarteymi, Barnasáttmálateymi og fjölmenningateymi. Teymin eru þannig uppbyggð að í þeim starfa einn af hverri deild og er þátttaka í þeim byggt á áhuga starfsmanna til að þróa starf í skólanum með hvert og eitt áhersluatriði.

Á skólaárinu var einnig lögð áhersla á að efla starfsanda innan leikskólans. Í lok skólaársins var farið í langþráða námsferð! Farið var til Alicante þar sem við skoðuðum leikskóla og fórum á námskeið. Skólaheimsóknir veittu okkur innsýn í aðra menningarheima og hugmyndir í faglegu starfi og námskeiðið sem var á vegum Leikur að læra fjallaði um núvitund í leikskólastarfi.

Að auki útbjó starfsfólk samskiptasáttmála þar sem kemur fram um hvernig við ætlum að koma fram við samstarfsfélaga okkar, börnin í leikskólanum og foreldra þeirra.


Skólaárið 2024-2025 verður haldið áfram þar sem frá var horfið á síðasta skólaári, að innleiða stólpana þrjá og efla málörvun. Á síðasta skólaári var fræðsla um hvern og einn stólpa en á núverandi skólaári gegna þeir hlutverki leiðarljóss í breytingarferli sem mun eiga sér stað.

Á skólaárinu verða tvær megin breytingar sem óhjákvæmilega kalla á breytta starfshætti. Sú fyrrnefnda er að aldur barna á deildum breytist. Nú verða þrjár yngri barna deildir með börn á aldrinum 1-3 ára, það eru deildirnar Undraland, Hálsaskógur og Ólátagarður og tvær deildir verða eldri barna deildir með börn. Það eru deildirnar Kattholt og Sjónarhóll og verða börnin þar á aldrinum 3-5 ára. Þessi breyting kallar á aukið samstarf milli deilda.

Þá er breyting á dagskipulagi deildanna sem gefur aukið rými fyrir leik barna. Sú breyting hefur í för með sér aðra starfshætti starfsfólks í menntun barna og aðrar aðferðir í málörvun.

3. Leiðarljós leikskólans

Leiðarljós leikskólans Efstahjalla eru: Fjölmennning, Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og sköpun. Grunnurinn að því að skapa gæða leikskólastarf eru samskipti og rauði þráðurinn í gegnum starfið er málörvun. Helsta námsleið barnanna er leikurinn. Skólaárið 2023 – 2024 þróaðist þessi skýringamynd til að sýna á einfaldan hátt hvað Efstihjalli stendur fyrir.



4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Efstahjalla skólaárið 2024-2025 eru: innleiðing áhersluatriða leikskólans eins og leikur, fjölmennning, barnasáttmáli og skapandi starf. Að auki er aðferðir málörvunar í þróun á skólaárinu. Þá er aukið áhersla á símenntun starfsfólks og nýliðafræðslu nýs starfsfólks.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni allra starfsmanna. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrir fram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Matsþættir	2024-2025
Stjórnun	
Faglegt samstarf	x
Leikskólaþróun og símenntun	x
Skipulag náms og námsaðstæður	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka	x
Námssvið leikskólans	x
Leikskóli margbreytileikans	x
Fagmennska starfsfólks	x
Starfsánægja	x
Viðmót og menning	x
Velferð og líðan barna	x
Skipulag og viðfangsefni	x

Innra mat 2023 - 2024

Á síðastliðnu skólaári voru deildirnar metnar í víðu samhengi. Fundið var út að þörf var á samræmdu dagskipulagi milli deilda sem var með svipaðan aldur barna og að þörf væri á auknu samstarfi milli deildanna. Þá var sett út á þáverandi fyrirkomulag þar sem tvær deildir tóku á móti yngstu börnunum og endurnýjuðust þær á hverju hausti. Þannig fóru öll börn af þeim deildum á aðrar deildir og þurfti því að aðlaga í öll pláss deildanna með tilheyrandi álagi á börn og starfsfólk. Niðurstöður úr matinu voru að breyta dagskipulagi og breyta aldurssamsetningu á deildum.

Ytra mat

Matsteymi um gæði leikskólastarfs í Kópavogi tók til starfa haustið 2020 en tilgangur þess er að stuðla að þróun og umbótum í leikskólastarfi.

Fyrirtækið Prósent lagði fyrir viðhorfskönnun meðal starfsmanna og fór hún fram í apríl 2024. Niðurstöður gefa til kynna hvar má bæta starfsumhverfi og líðan starfsfólks og umbótaáætlun byggir á þeim.

Helstu niðurstöður starfsmannakönnunar á meðal starfsfólks Efstahjalla benda til þess að þó enn megi auka starfsánægju og ýmis skilyrði í starfi hjá starfsfólki, er umtalsverð og marktæk breyting á öllum þáttum til batnaðar frá fyrri könnun sem gerð var árið 2022. Þannig fór yfirpátturinn starfsánægja hjá starfsmönnum Efstahjalla (sem uppbyggður er af fjórum spurningum) úr meðaltalinu **5.1** árið 2022 í **6.6** árið 2024 sem er marktæk jákvæð aukning. Meðalstarfsánægja er þó undir heildarmeðaltali starfsmanna Menntasviðs Kópavogsbæjar (**7,3**) en ekki eru tiltækar tölur um leikskólastarfsmenn bæjarins einungis til samanburðar.

Ef horft er til þeirra þátta sem hafa mikil áhrif á starfsánægju starfsfólksins í Efstahjalla þá eru nokkrir þættir sem hægt er að vinna markvisst með til að auka hana. Einkum eru það þrír þættir sem eru mikilvægir samkvæmt fylgnigreiningu en mat starfsfólks er að þar séu tækifæri til bætingar. Þessir þættir eru ímynd leikskólans út á við, vinnuálag og að fylgst sé með faglegri og persónulegri þróun í starfi. Til viðbótar má nefna samstarfsanda og félagsleg samskipti starfsfólks. Aðrir þættir sem hafa tengsl við starfsánægju og starfsmenn meta að séu tækifæri til bætingar taka mest til skrifstofu bæjarins og æðstu stjórnenda en þá þætti er erfitt að eiga við innan skólans en gæti orðið afleidd bæting í kjölfar þess að tekið verði markvisst á ofangreindum þáttum.

Yfirpátturinn hollusta, sem uppbyggður er af þremur spurningum hækkar einnig úr meðaltalinu **8** árið 2022 í **8.6** 2024. Einungis 13% starfsmanna teljast til þeirra sem hafa litla hollustu. Ljóst er að starfsfólk Efstahjalla er tilbúið að leggja mikið á sig ef þörf krefur en 80% svöruðu á þann hátt, þá eru 91% starfsmanna tilbúnir að takast á við breytingar. Ljóst er að starfsfólk leikskólans býr yfir mikilli hollustu og er markmið að viðhalda þeim anda.

Yfirpátturinn tryggð hefur einnig hækkað umtalsvert á heildina litið en hann fer úr meðaltalinu **6.8 í 7.5** frá síðustu könnun. Á heildina litið er skólinn þó undir meðaltali bæjarins í heild (**8.1**) og á það við um fleiri þætti.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Efstahjalla er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjali 1.

5. Áherslur í starfi leikskólans

Í upphafi skólaársins urðu tvær stórvægilegar breytingar á leikskólastarfinu en gerð var breyting á aldursdreifingu barna á deildum og breytt dagskipulag með auknum áherslum á leik. Undirbúningur fyrir breytingarnar hófust á vormánuðum síðastliðins skólaárs. Þegar innritun barna fyrir skólaárið 2024 -2025 hófst í vor var gert ráð fyrir að aldursdreifing barna á deildunum yrði með breyttu sniði sem og að dagskipulag deildanna myndi breytast. Þessar breytingar hafa áhrif á ýmsa þætti í leikskólastarfinu og menntun barnanna. Til að mynda er aukið áhersla á leik í breyttu dagskipulagi, sem kallar á aðrar aðferðir í málörvun og hvernig kennarar og starfsfólk leggja inn námsefni, og ný aldursdreifing kallar á aðrar aðferðir í samstarfi milli deilda. Leikskólaráðgjafar Menntasviðs Kópavogs munu halda áfram að veita leikskólanum stuðning og ráðgjöf í breytingarferlinu.

Hér fyrir neðan verður fjallað um áhersluþætti ársins, hver markmiðin með þeim eru, hvaða leiðir verða farnar og hver tengingin er við stefnu Efstahjalla.

Aldur barna á deildum

Í Efstahjalla eru fimm deildir og hefur aldursdreifing barna verið þannig undanfarin ár að tvær deildir taka á móti yngstu börnunum sem eru á aldrinum 1-2 ára, ein deild með börn á aldrinum 2-3 ára, ein deild með börn á aldrinum 3-4 ára og ein elsta deild með börn á aldrinum 4-5 ára. Nú í haust var gerð sú breyting að þrjár deildir taka á móti yngstu börnunum og eru því með börn á aldrinum 1-3 ára og tvær deildir eru með börn á aldrinum 3-5 ára.

Það er engin ein leið rétt þegar kemur að því að ákvarða aldursdreifingu barna á deildum. Starfsfólki leikskólans fannst hins vegar ástæða til að reyna annað fyrirkomulag heldur en hefur verið þar sem börnin voru að skipta um deild á hverju hausti, þá var horft sérstaklega til yngstu barnanna. Börnin þurftu að kynnast nýju umhverfi, nýju starfsfólki og jafnvel breyttum barnahópi á hverju hausti. Þá myndaði fyrirkomulagið ákveðið rof í námi barnanna og þjónustu við þau. Að auki varð fyrirkomulagið til þess að engin börn urðu eftir á yngri deildunum tveimur og aðlaga þurfti börn í öll pláss deildanna að hausti, með tilheyrandi álagi

á starfsfólk og barnahópin sem var að stíga sín fyrstu skref í leikskólaferli sínum. Þá fannst starfsfólki fyrirkomulagið ekki hvetja til samstarfs milli deilda.

Með nýju fyrirkomulagi eru börnin lengur á hverri deild, álag á börn og starfsfólk vegna aðlögunar nýrra barna dreifist og tímabilið sem tekur að taka á móti nýjum börnum og fjölskyldum styttest. Með þessu fyrirkomulagi er talið að stöðugleiki verði meiri í leikskólaferli barnanna þar sem börnin þurfa ekki að kynnast nýrri deild og nýju starfsfólki á hverju hausti. Ákveðin tengsl myndast milli barna og starfsfólks og með þessu móti þurfa börnin ekki að kveðja góðu tengslin sín og mynda ný á hverju hausti. Þá kemur fyrirkomulagið veg fyrir rof í menntun barnanna sem leiðir til enn meiri samfellu í námi barnanna.

- ◆ Markmið skólaársins er að útbúa námskrá og árangursríkar aðferðir í menntun barna á aldrinum 1-5 ára á deildum þar sem aldursbreidd er mikil, með áherslu á samstarf.
- ◆ Leiðirnar að markmiðunum eru að fá ráðgjöf, prófa leiðir, endurmeta þær og bregðast við matinu. Þá verða fundir þar sem efnið er rætt.

Samstarf milli deilda

Með nýju fyrirkomulagi koma nýjar áskoranir. Áskoranir á borð við að nú eru 3ja ára börn á öllum deildum, elstu börnin eru á tveimur deildum og nú er breitt aldursbil á öllum deildum.

Svarið við þessum áskorunum var aukið samstarf milli deilda. Aukið samstarf milli deildanna þriggja sem eru með yngri börnin, aukið samstarf milli deildanna tveggja sem eru með eldri börnin sem og aukið samstarf allra fimm deildanna vegna 3ja ára barnanna. Til að auka samstarf milli deildanna og til að bregðast við kröfum nýs kafla aðalnámskrár leikskóla sem leggur áherslu á að auka vægi leiksins í leikskólanum, var dagskipulagi deildanna breytt. Dagskipulag deildanna verður í þróun í vetur sem og leiðir í auknu samstarfi.

◆ Markmið skólaársins eru að þróa leiðir til að auka samstarfs milli deilda með eftirfarandi markmið til hliðsjónar:

- Að starfsfólk fær fleiri tækifæri til faglegra samræðna og læra hvert af öðru
- Að hæfileikar starfsfólks fái að njóta sín enn betur
- Að auka fjölbreytni í menntun barnanna
- Að börnin fái tækifæri til að kynnast börnum í sama árgangi
- Að hver aldurshópur fái menntun við hæfi

◆ Leiðir til að auka samstarf milli deilda eru meðal annars að samræma dagskipulag eldri deildanna annars vegar og yngri deildanna hins vegar. Einnig að koma auga á þarfir hverju sinni, prófa leiðir til að bregðast við þeim, meta og bregðast við matinu.

Málörvun

Í Efstahjalla eru um 47% barna sem búa við annað tungumálaumhverfi heima heldur en í leikskólanum sem og hluti af starfsfólki leikskólans. Einn af styrkleikum Efstahjalla er hve mörg tækifæri börn og starfsfólk fá til að kynnast fjölbreyttri menningu og tungumálum, sem til að mynda getur haft jákvæð áhrif á sköpunarkraft og lausnaleit. Í umhverfi þar sem tungumálakunnátta barna er fjölbreytt þarf að huga sérstaklega vel að því að veita gæða menntun í opinbera tungumáli landsins, íslensku. Með breyttu dagskipulagi þarf að breyta aðferðum í málörvun. Þar að auki er starfsfólk sífellt að uppfæra þekkingu sína og færni í málörvun barna með ólíkar þarfir.

Á núverandi skólaári er því lögð aukin áhersla á málörvun í leikskólaumhverfi sem er að taka breytingum með aukinni áherslu á frjálsan leik og færri skipulögðum stundum. Ráðinn hefur verið verkefnastjóri málörvunar og fjölmennningar sem heldur utan um málörvunarteymi leikskólans, miðlar niðurstöðum nýjustu rannsókna í málvísindum og deilir reynslu sinni og þekkingu með starfsfólki.

◆ Markmið skólaársins er að þróa árangursríkar leiðir í málörvun í leik og starfi í fjölbreyttu umhverfi.

◆ Leiðir sem eru nú þegar í innleiðingu eða hafnar eru námsefnið *Lubbi finnur málbein*, myndrænt dagskipulag, myndir til að styðja við skólamálið, bókina *Orð eru ævintýr* og þema mánaðarins. Haldið verður áfram að þróa vinnu málörvunarteymisins í samstarfi við nýjan verkefnastjóra. Aukin fræðsla um málörvun í daglegu starfi, aukin fræðsla um málörvun í fjölmennningarlegum leikskóla og fræðslan mátuð við daglega starfið.

Áhersla á leik

Nýverið var gefin út uppfærð útgáfa af aðalnámskrá leikskóla þar sem enn ríkari áhersla var lögð á leik barna þar sem börn á leikskólaaldri læra mest og best í gegnum leik. Þegar leikur barna er skoðaður kemur í ljós að hann er einstaklega flókið fyrirbæri sem veitir fjölbreytta hæfni og menntun. Leikurinn veitir börnum tækifæri til að skilja umhverfi sitt og samfélag og hann veitir tækifæri til að takast á við tilfinningar og reynslu. Hann hefur jákvæð áhrif á vellíðan barna, veitir þeim tækifæri til að setja mörk og fara eftir reglum. Í hvert skipti sem leikurinn er skoðaður sést hve magnað fyrirbæri hann er og hvers börn eru megn. Leikurinn er fyrirbæri sem rannsakendur fá ekki nóg af að skoða.

Í breyttu dagskipulagi fær leikurinn enn meira rými en áður og börnin hafa enn meira val um leiksvæði þar sem eldri deildirnar tvær vinna saman í leiktíma barnanna. Lagt er upp með svokallað flæði í leiktímanum þar sem starfsfólk dreifir sér á milli svæða og er með ýmis viðfangsefni í boði fyrir börnin. Þau geta svo farið á milli svæða eftir því hvar áhuginn liggur hverju sinni. Hlutverk starfsfólks í flæðinu er m.a.

- Að grípa áhuga barnanna og vinna út frá honum
- Að styðja við börnin í leiknum
- Að örva málþroska
- Að örva alhliða þroska
- Að vera til staðar fyrir börnin
- Að taka þátt í því sem börnin eru að gera
- Að koma með kveikjur fyrir börnin

- ◆ Markmið skólaársins er að efla flæðið og styðja starfsfólk í að mennta börn í gegnum leikinn.
- ◆ Leiðir eru augin fræðsla um leik barna, eigin starfsþróunardagbók (sjá kafla um símenntun) sem og stuðningur frá leikskólaráðgjöfum menntasviðs Kópavogsbæjar.

Áherslur Efstahjalla

Á síðasta ári var áberandi hvernig unnið var að stefnu Efstahjalla þar sem hver stólpi fékk starfsdag tileinkuðum sér og unnið var út frá yfirheitum stólpana. Á núverandi skólaári höldum við áfram með það sem stólparnir standa fyrir en í ár gegna stólparnir hlutverki leiðarljóss. Þegar hugsað var um áherslur Barnasáttmálans, réttindi barna, þarfir allra barna í fjölbreyttum hópi og veita skapandi umhverfi voru niðurstöðurnar meðal annars:

- Að vernda tengslamyndun
- Auka félagaval
- Að veita fjölbreyttari tækifæri til menntunnar
- Auka stöðugleika
- Að raddir barna hafi meira vægi í leikskóladeginum
- Að auka vellíðan barna
- Að veita börnum enn betra námsumhverfi
- Að auka tækifæri barna til að skína á eigin forsendum

Leiðirnar voru útlistaðar hér fyrir ofan.

6. Foreldrasamstarf

Foreldrar/Forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans. Til viðbótar við daglegt samstarf um hvert barn eru fjölmargir viðburðir á skólaárinu þar sem hvatt er til þátttöku foreldra. Sem dæmi má nefna er haldin fjölmenningsarvika, smákökuboð, læsisvikur, fjölskyldukaffi og margt fleira.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða.

7. Starfsmannamál

Í Efstahjalla er gert ráð fyrir 15 grunnstöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 60% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 100% stöðu sérkennslustjóra og 1,75 stöðugildi í eldhúsi. Að auki er ákveðið starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og náms starfsmanna og nemur það 4,94. Áætluð stöðugildi vegna sérkennslu barna eru 6.

Á skólaárinu munu starfa í Efstahjalla níu handhafar leyfisbréfs til kennslu, þrír nemar í kennslufræðum, sérkennslustjóri, háskólamenntaðir starfsmenn og leiðbeinendur. Í Efstahjalla eru fimm deildarstjórar, tveir þeirra eru með leyfisbréf leikskólakennara, tveir þeirra eru leiðbeinendur og einn er nemi í leikskólakennarafræðum.

Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna. Leikskólinn Efstihjalli tekur á móti unglingum úr Vinnuskóla Kópavogs á hverju sumri. Er það skemmtileg og góð viðbót við starfsmannahópinn.

8. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórða hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn ef um námsferð erlendis er ræða. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins. Hér að neðan má sjá dagsetningar skipulagsdaga skólaársins 2024-2025.

- Föstudaginn 13. september - fræðsla um leik barna og verkefnið Velferð á vinnustað.
- Miðvikudaginn 13.nóvember - áframhaldandi fræðsla um leikinn, fræðsla um námsefnið Lubbi finnur málbein og fræðsla um barnasjúkdóma.
- Mánudaginn 20. janúar - fræðsla um málörvun í fjölmennningarlegum barnahóp í gegnum leik.
- Miðvikudaginn 12.mars - verður ákveðið eftir þörfum.
- Föstudaginn 16. maí - mat á starfi skólaársins.

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau. Í ár verður að auki lögð áhersla á fagfundi fyrir nýliða, fyrir starfsfólk inni á deildum og deildarstjóra, sem og starfsþróunardagbók sem fjallað er um í umbótaáætlun.

9. Aðrar upplýsingar

Fjöldi barna

Í skólanum verða 97 börn næsta skólaár á aldrinum 1 til 5 ára. Hér að neðan má sjá nákvæmari skiptingu eftir aldri ásamt meðal dvalartíma í september 2024.

Árgangur	Fjöldi barna	Fjölbreyttur tungumála og menningarbakgrunnur	Meðaldvalartími í klst. september 2024
2019	16	11	6,9
2020	21	13	7,4
2021	24	7	7,2
2022	25	10	7,1
2023	11	5	6,8
ALLS	97	46	7,15

Börn með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn á leikskólanum eru 46 talsins, eða rétt rúmlega 47% barna í Efstahjalla. Í skólanum eru fulltrúar yfir 20 tungumála. Meðaldvalartími allra barna í Efstahjalla í september 2024 er 7,15 klst.

Húsnæði og lóð

Síðasta skólaár voru framkvæmdir vegna myglugróa sem greindust innan leikskólans en það var verkfræðistofan COWI sem sá um sýnatökur og mælingar. Helstu framkvæmdir vegna þeirra voru á háaloftinu og fóru þær fram á lokunartíma leikskólans. Í samráði við Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness var enn starfsemi í húsnæði leikskólans við Efstahjalla 2. Auk framkvæmdanna var leikskólinn sótthreinsaður reglulega yfir árið og lofthreinsivélar voru settar inn á deildar þar sem greinst höfðu myglugró. Nú er framkvæmdum lokið og myglugró greinast ekki lengur í leikskólanum. Til að ganga alveg úr skugga um að viðgerðirnar séu fullnægjandi verða gerð próf í lok skólaársins.

Í vor luku starfsmenn bæjarins við gerð sullsvæðis í neðri hluta garðsins og er svæðið afar vinsælt meðal barnanna. Þar er moldarkassi og möl sem börnin geta einnig nýtt í suluævintýrum sínum.

Óskir:

- Skýli fyrir hjól og kerrur
- Aðgangsstýring í garðinn
- Innrétting og vaskur inni á kaffistofu
- Mála leikskólann að utan

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Vís.

10. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 1 -Umbótaáætlun						
Viðfangsefni/markmið	Vegna	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Viðmið um árangur	Staða
Ímynd leikskólans út á við	Starfsánægju	Sjá kafla ímynd leikskólans út á við hér að neðan*	Endurmat vor 2025	Stjórnendateymi	Færri flutningsumsóknir, minni starfsmannavelta	
Vinnuálag starfsmanna	Starfsánægju	Sjá kafla vinnuálag starfsmanna hér að neðan*	Endurmat vor 2025	Stjórnendateymi	Minni starfsmannavelta, niðurstöður úr samtölum við starfsfólk	
Fylgst með faglegri og persónulegri þróun í starfi	Starfsánægju	Sjá kafla fylgst með faglegri og persónulegri þróun í starfi hér að neðan*	Endurmat vor 2025	Stjórnendateymi	Niðurstöður úr samtölum við starfsfólk, skráningar um faglegt starf yfir árið	
Samstarfsandi og samvinna	Starfsánægju	Sjá kafla samstarfsandi og samvinna*	Endurmat vor 2025	Stjórnendateymi	Samtöl við starfsfólk	
Málörvun í daglegu starfi	Breyttar áherslur í dagskipulagi	Verkefnastjóri málörvunar, þema mánaðarins, málörvunarteymi, fræðsla á skipulagsdögum, örfræðsla innanhúss, stuðningur leikskólaráðgjafa	Símat yfir árið	Stjórnendateymi, málörvunarteymi, verkefnastjóri málörvunar	Niðurstöður skimana	
Aukið vægi leiks	Leikur er helsta námsleið barna	Breytt dagskipulag, fræðsla um leik, stuðningur leikskólaráðgjafa	Símat yfir árið	Allt starfsfólk	Samtöl við börn og starfsfólk	

1. Ímynd leikskólans Efstihjalli út á við.

Til að setja þennan þátt í samhengi verður að nefna að skólinn glímdi við myglu og rakaskemmdir sem svo leiddu til lokunar skólans haustið 2021. Eftir að skólinn opnaði aftur eftir allsherjar viðgerðir glímdi sumt starfsfólk og börn þó enn við einkenni tengd rakaskemmdum en um mitt ár 2024 varð húsnæðið þó endanlega laust við slíkt samkvæmt mælingum. Það hefur almennt ekki góð áhrif á ímynd skóla að húsnæði sé í ólagi. Þar sem húsnæði er nú komið í lag og starfsemi innan skólans orðin stöðug eftir álag sem þessu fylgdi má gera ráð fyrir að hægt og rólega byggist upp traust út á við og að umtal þessu tengt minnki til muna.

Þá hafa verið tíðar breytingar á stjórnendum skólans undanfarin ár sem hefur óhjákvæmilega leitt til óstöðugleika og mögulega upplifir starfsfólk að það haft áhrif á ímynd skólans út á við. Nýtt stjórnendateymi tók við um mitt ár 2023 og hefur á þessu skólaári verið að innleiða ýmsar breytingar í stefnu og starfsemi skólans sem væntingar eru um að leiði til meiri stöðugleika.

Leiðir til umbóta hér eru einnig frekara samtal við starfsfólk um hvað það er sem þau telji hafa áhrif á ímynd Efstahjalla og hvernig þau telji vera hægt að bæta hana.

2. Vinnuálag

Starfsfólk er óánægt með álag í starfi og upplifa mikið álag (88% telja það mikið) og sá þáttur hefur sterk áhrif á starfsánægju. Það má því telja að leiðir til að draga úr álagi ættu að vera í forgrunni til umbóta. Breytingar á aldursskiptingu á deildum sem tóku gildi haustið 2024 sem og áhersla á meira samstarf milli deilda með sömu árganga og eins flæði á eldri deildum er í innleiðingu og standa vonir til þess að til lengri tíma muni það draga úr álagi, í öllu falli jafna það betur út. Þá verður áhugavert að sjá hvernig verkefnið um gjaldfrjálsan leikskóla mun hafa til langs tíma en almennt hefur starfsfólk lýst yfir ánægju með það og hefur það dregið úr álagi í byrjun og lok dags á Efstahjalla.

3. *Fylgst með faglegri og persónulegri þróun í starfi*

Umbætur fela í sér starfsþróunardagbók sem hver starfsmaður fær þar sem ígrunduð eru styrkleikar og umbætur í eigin starfi á víðum grundvelli. Í tengslum við dagbækur verður komið á samtölum við stjórnendur (leikskólastjórnendur og deildarstjóra) og í litlum hópum starfsmanna. Áætlunin er að opna á styrkleika og áskoranir í faglegu starfi og á vinnustaðnum en starfsfólk mun veita hvort öðru endurgjöf með tveimur styrkleikum og einni ósk og er vonin að tíð endurgjöf af þessu tagi muni byggja upp lærdómssamfélag þar sem einstaklingar og hópurnir eru í sífelldri framþróun.

4. *Samstarfsandi og samvinna*

Starfsfólk gerði með sér samskiptasáttmála 2023 sem þó er í sífelldri mótnun sem tekur til samskipta við samstarfsfólk, börn og foreldra. Vonir standa til þess að með því að orða hvernig við viljum sjá samskipti leiði til þess að starfsfólk vandi sig í samskiptum í öllu starfi. Aukið samstarf með breyttu skipulagi er einnig liður í að ýta undir meiri og betri samskipti á leikskólanum. Þá verður húsnaðið rýnt með tilliti til betri nýtingar sem gefa aukin tilefni til samskipta og samvinnu.

Fylgiskjal 2– Símenntunaráætlun						
Þátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildarfundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1x í viku	Unnið í vinnutíma	Deildastjórar / Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í stafi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	vor 2025	30 mín pr. Starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla	Farið yfir hlutverk og ábyrgð starfsfólks í leikskóla.	2-3x á mánuði	ca 20 mín í hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og deildarstjórar
Nýtt starfsfólk	Nýliðanámskeið Kópavogsbæjar	Fræðsla um starf í leikskóla	3 x yfir árið	2 tímar hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Menntasvið
Allt starfsfólk	Samráð, fræðsla, endurmat	Yfirfara starfsáætlun, stefnur og öryggisþætti	1x á önn	Unnið á starfsdegi og á deildarfundum	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Fagfólk	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna,	1 x á önn	1 klst	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri

Allir starfsmenn	Skipulagsdagar	Fræðsla um leik	13. september	8 tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagar	Fræðsla um leikinn og námsefnið Lubbi finnur málbein	13.nóv	8 tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Málörvun í fjölmennningarlegum barnahóp í gegnum leik	20.jan	8 tímar	50.000.-	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Mat á starfi skólaársins	16. maí	8 tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Deildarstjórar	Deildarstjórafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis	1x í viku	1 klst hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Starfsfólk sem sinnir stuðningi	Samráðsfundir með sérkennslustjóra	Umræður um starfið sem og fræðsla frá sérkennslustjóra tengd starfinu	1x í mánuði	1 klst hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Sérkennslustjóri og Leikskólastjóri

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Samband íslenskra sveitarfélaga														Leikskólinn Efstihjalli							
Skóladagatal 2024 - 2025																					
ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		Fyrir börnin	Bátstaka foreldra	Skráningardagar			
APRÍL		MAÍ		JÚNÍ																	
1 F		1 S		1 Þ		1 F		1 S	Fúlvéldisdagurinn	1 M	Nýársdagur	1 L		1 L		1 Þ	Heimameningarvika	1 F	Verkjaldisdagurinn	1 S	
2 F		2 M		2 M		2 L		2 M		2 F		2 S		2 S		2 M	Heimameningarvika	2 F		2 M	Sónaramdagurinn
3 L		3 Þ		3 F		3 S		3 Þ		3 F		3 M		3 M	Bíddagur	3 F	Heimameningarvika	3 L		3 Þ	
4 S		4 M		4 F		4 M		4 M		4 L		4 Þ		4 Þ	Spengidagur	4 F	Heimameningarvika	4 S		4 M	
5 M	Fridagur verðunamanna	5 F		5 L		5 Þ		5 F		5 S		5 M		5 M	Óskudagur	5 L		5 M		5 F	
6 Þ		6 F		6 S		6 M		6 F	Smáskúli - Rauðuglaða jóladagur	6 M	Þrettándinn	6 F	Fyrirskúli - Óskudagur	6 F		6 S		6 Þ		6 F	
7 M		7 L		7 M		7 F		7 L		7 Þ		7 F	Dagur kirkisaklárens	7 F	Chanceline 13 ára	7 M		7 M		7 L	
8 F	Lokadóm opnar eftir samráði kl. 13.00	8 S	Dagur læsta	8 Þ		8 F	Þrettándinn gegn einelli Grænn dagur	8 S		8 M		8 L		8 L		8 Þ		8 F		8 S	Hvítasunnudagur
9 F		9 M		9 M		9 L		9 M		9 F		9 S		9 S		9 M		9 F	Bíddagur	9 M	Annar í Hvítasunnu
10 L		10 Þ		10 F		10 S		10 Þ		10 F	Þrítugastaundagurinn Vísindisdagur	10 M		10 M		10 F		10 L		10 Þ	
11 S		11 M		11 F	Bíddagur	11 M	Lærðagurinn hefst	11 M	Jólarstar og skemmtun	11 L		11 Þ	Dagur íslensku tónlistarinnar	11 Þ		11 F	Góður dagur	11 S		11 M	
12 M	Áttugun nýrra barna hefst	12 F		12 L		12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 M	Óskudagur	12 L		12 M		12 F	
13 Þ		13 F	Óskudagur	13 S		13 M	Óskudagur	13 F		13 M		13 F		13 F		13 S	Þrítugastaundagur	13 Þ		13 F	
14 M		14 L		14 M		14 F		14 L		14 Þ		14 F		14 F	Dagur stærðfræðinnar	14 M	Dybbúvika	14 M		14 L	
15 F		15 S		15 Þ	Elftíjalli 42 ára	15 F		15 S		15 M		15 L		15 L		15 Þ	Dybbúvika	15 F		15 S	
16 F		16 M	Dagur íslensku náttúru	16 M		16 L	Dagur íslensku tungu	16 M		16 F		16 S		16 S		16 M	Dybbúvika	16 F	Óskudagur	16 M	
17 L		17 Þ		17 F		17 S		17 Þ		17 F		17 M		17 M		17 F	Óskudagur	17 L		17 Þ	Ljófúlvéldisdagurinn
18 S		18 M		18 F		18 M		18 L		18 Þ		18 F		18 Þ		18 F	Þóttugastaundagurinn langi	18 S		18 M	
19 M		19 F		19 L		19 Þ		19 F		19 S		19 M		19 M		19 L		19 M		19 F	
20 Þ		20 F		20 S		20 M	Dagur manntölunda barna	20 F		20 M	Óskudagur	20 F		20 F		20 S	Þóttugastaundagurinn	20 Þ		20 F	
21 M		21 L		21 M		21 F		21 L		21 Þ		21 F	Blómsdagur / Blómídagur	21 F	Alþjóðleg dönnunardagurinn	21 M	Annar í Þóttum	21 M		21 L	
22 F		22 S		22 Þ		22 F	Lokadagur læsta vikna	22 S		22 M		22 L		22 L		22 Þ		22 F		22 S	
23 F		23 M		23 M	Þóttugastaundagurinn	23 L		23 M	Þóttugastaundagurinn	23 F		23 S	Konudagur - upphaf Gólu	23 S		23 M		23 F		23 M	
24 L		24 Þ		24 F	Vetrarhlíð	24 S		24 Þ	Alþjóðleg dagur jóla	24 F	Bíddagur - Loppudagur	24 M	Vetrarhlíð	24 M		24 F	Sunnudagurinn fyrsti	24 L		24 Þ	
25 S		25 M	Kynning á vetrarhlíð	25 F	Vetrarhlíð	25 M		25 M	Bíddagur	25 L		25 Þ	Vetrarhlíð	25 Þ		25 F		25 S		25 M	
26 M		26 F	Þóttugastaundagurinn	26 L	Fyrsti vetrardagur	26 Þ		26 F	Annar í jólin	26 S		26 M		26 M		26 L		26 M		26 F	
27 Þ		27 F		27 S	Alþjóðleg þingdagurinn	27 M		27 F	Jólahelgi	27 M		27 F		27 F		27 S		27 Þ		27 F	
28 M		28 L		28 M		28 F		28 L		28 Þ		28 F		28 F		28 M		28 M		28 L	
29 F		29 S		29 Þ		29 F		29 S		29 M				29 L		29 Þ		29 F	Þóttugastaundagurinn	29 S	
30 F		30 M		30 M		30 L		30 M	Jólahelgi	30 F				30 S		30 M		30 F		30 M	
31 L				31 F	Þóttugastaundagurinn			31 Þ	Gamlársdagur	31 F				31 M	Heimameningarvika			31 L			

Fylgiskjal 4 – Umsögn foreldraráðs